

Heilfr. m/h U. S. S. R.	34.47
4x12 lagp.	89.00
4x10, 6x10 og 4x14	89.17
Blokk U. S. S. R.	78.25
Blokk U. S. A.	68.00
Heilfrystur fiskur 3x9 kg	34.47

Verðbil verður 3½% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 4. júlí 1979.

F. h. r.

Pórður Ásgeirsson.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á spærlings- og kolmunnamjöli fyrir tímabilið 1. apríl til 31. júlí 1979.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á spærlings- og kolmunnamjöli fyrir tímabilið 1. apríl til 31. júlí 1979:

Spærlingsmjöl, \$ 6.37 á próteineiningu í lest.

Kolmunnamjöl, \$ 6.37 á próteineiningu í lest.

Verðbil verður 8%.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 60% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða fráðregnu verðbili.

Verðin miðast við F. O. B. og gerast upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, \$ 1 = 326.50.

Verðgrundvöllur þessi er breytanlegur á tímabilinu ef hráefnisverði verður sagt upp og því breytt.

Sjávarútvegsráðuneytið, 16. júlí 1979.

F. h. r.

Pórður Ásgeirsson.

Kristín Magnússon.